



FRÉTTABRÉF LEIGJENDA

ÖRUGGT HEIMILI SKIPTIR ÖLLU

LEIGJENDASAMTÖKIN Á TÍMAMÓTUM

Leigjendasamtökin standa á tímamótum um þessar mundir. Tvö og hálf ár eru síðan að samtökin voru endurreist og hefur mikið vatn runnið til sjávar á þeim tíma. Samtökin hófu strax þetta baráttu fyrir bættari kjörum leigjenda og betra regluverki á leigumarkaði.

Samhliða því hafa samtökin lagt sig í líma við að greina og fræða leigjendur um þá krafta sem valda miklum skaða á þeirra högum.

Það verður sífellt augljósara að undir kraumir kerfi sem hefur það að markmiði að halda réttindum og stöðu leigjenda niðri, því það fóðrar gífurlega auðsöfnun á húsnæðismarkaði.

Það er og verður baráttu samtakanna að koma því kerfi til grafar svo leigjendur og aðrir íbúar landsins geti lifað með reisn og búið við öryggi og jafnrétti á húsnæðismarkaði.

FÉLAGSFUNDUR Í BOLHOLTI 6

Miðvikudaginn þ. 24. apríl kl. 18:00 verður haldinn opinn félagsfundur fyrir leigjendur. Verður fundurinn haldinn í Bolholti 6, 105 Rvk í húsakynnum Alþýðufélagsins. Í sama húsi er m.a. skrifstofa Leigjendasamtakanna, Samstöðin, Vorstjarnan styrktarsj. og Sósíalístaflokkurinn.

Á fundinum ætlum við að ræða stöðu leigjenda og stöðuna á leigumarkaði. Í kjölfarið reynum við að koma okkur saman um hver viðbrögð leigjenda geta verið, hugsanlegar aðgerðir og mikilvægi samstöðu leigjenda.

Það er mikilvægt að leigjendur þétti raðirnar og taki þátt í því átaki sem er framundan. Styrkur okkar mun ráða því hvernig til tekst.

Stjórn Leigjendasamtakanna hvetja allar leigjendur til að mæta og taka þátt.

24 APRÍL

FÉLAGSFUNDUR

Leigjendasamtökin boða til opins félagsfundar í Bolholti 6. þ. 24. apríl kl. 18:00.

Á fundinum verður farið yfir stöðuna á leigumarkaði og stöðu samtakanna. Í framhaldinu ræðum við um viðbrögð leigjenda, aðgerðir og samstöðu.

Léttar veitingar verða á staðnum



LEIGJENDASAMTÖKIN

FJÁRHAGUR OG REKSTRARHÆFNI

SJÁLFBODASTARF OG
BÁG FJÁRHAGSSTAÐA

Frá endurreisn og nánast allt frá stofnun samtakanna árið 2013 hafa samtökin verið rekin í sjálfbodastarfi.

Árið 2022 fengu samtökin 5 milljónir króna í styrk frá Vorstjórnunni sem hefur nýst til þess að láta framkvæma skoðanakannanir, fá lögfræðiálit og til að leigja hluta af skrifstofurými.

Leigjendasamtökin sóttu um rekstrarstyrk til félagsmálaráðherra haustið sama ár og fengu hluta af þeirri upphæð sem sótt var um. Styrkurinn nýttist til að greiða formanni 290.000 kr í laun (fyrir skatta) hluta úr árinu 2023.

Eins og gefur að skilja er umfang starfsins gríðarlegt og bránauðsynlegt að hægt sé að greiða fólki mannsæmandi laun fyrir vinnu sem er stundum á pari við það sem skrifstofur verkalýðsfélaganna inna af hendi.

Stefnan er að gera Leigjendasamtökin fjárhagslega sjálfstæð og sjálfbær, þannig verði hægt að auka sýnileika og efla hagsmunagæslu.

SLAKT REGLUVERK
Á LEIGUMARKAÐI

OECD hefur látið greina stöðu á regluverki innan aðildarríkja sinna. Sendur var út sprunginga listi þar sem athugað var með eftirfarandi þætti:

- Regluverk um samningsverð
- Reglur um tíðni og framkvæmd hækkana
- Reglur um tímalengd leigusamninga
- Húsnæðisöryggi
- Heimildir til uppsagna á leigusamningi
- Reglur um takmörkun á skammtímaleigu


Út frá svörum aðildarríkjanna var búinn til kvarði yfir hversu umfangsmikið regluverk gildir innan þeirra. Er kvarðinn frá 0 og upp í 1.0.

Ísland var með fjórða lægsta gildið, eða aðeins 0.14. Einu löndin fyrir neðan Ísland er Stóra-Bretlan, Nýja-Sjáland og Ísrael. Það er því ljóst að það ríkir stjórnleysi á íslenskum leigumarkaði.

Leigjendasamtökin hafa borið saman hækkun á húsaleigu innan ríkjanna við stöðu regluverks og þannig staðfest mjög skýra fylgni á milli óhóflegra hækkana á húsaleigu og veiks regluverks.

Réttarstaða leigjenda hjá aðildarríkjum OECD

Regluverk á leigumarkaði



OECD, Brick by Brick - rental market regulations
<https://stat.link/cvw46t>



Leigjendasamtökin



VORIÐ ER KOMIÐ

NÆSTA FRÉTTABRÉF
1 MAÍ

Fréttabréf Leigjendasamtakanna er verkefni í mótun. Okkar markmið er að fræða leigjendur og auðga skilning þeirra á hinum ýmsum málum sem snerta á málefnum leigjenda.

Við reynum í bréfinu að segja ykkur fréttir af því helsta sem borið hefur á góma á milli fréttabréfa ásamt því að skrifa greiningar á stöðu málanna, hvort sem er á vettvangi stjórnmalanna eða annars staðar. Þá segjum við reglulega frá ýmsum tölulegum niðurstöðum og rannsóknum frá löndum víða um heim og miðlum þannig þekkingu til leigjenda. Þekking er máttur.

Leigjendasamtökin vilja líka hvetja til frekari þátttöku frá samfélagi leigjenda sem og ýmissa álitsgjafa. Við óskum því eftir gestaskrifurum. Pistlar, fréttir, greiningar og skoðanir eru allar velkomnar, hvort sem er frá fræðasamfélaginu, áhugasömum eða leigjendum sjálfum. Við hvetjum þó leigjendur sérstaklega til að senda inn pistla og segja sögur sínar. Það er mikilvægt að leigjendur hafi rödd í samfélaginu.

Áhugasömu fólki er því boðið að senda inn tillögur að fréttabréfsefni á netfangið sli@sli.is undir fyrirsögninni „Fréttabréf“.

Verið velkomin til að taka þátt í mikilvægri upplýsingamiðlun um samfélag leigjenda á Íslandi.

Jón Ferdinand Estherarson

RÍSUM Í ÁTT
TIL SÓLAR

Nú er vorið í algleymi. Það gengurnú samt á með síðvetrarskúrum og éljum en þrátt fyrir það er laukarnir farnir að spretta upp úr moldinni og teygja sig eftir sólarglætunni sem dvelur sífelld lengur á himni. Litríkir laukarnir sem hafa geymt krafta sína yfir veturinn undir yfirborðinu glæða umhverfið lit og veita innblástur til sköpunar.

Við eigum margt sameiginlegt með þeim, við elskum vorið, erum litrík og glæðum umhverfið. Í okkur býr sköpunarkraftur og máttur til að rísa uppúr sverðinum.

Það er mikilvægt að við göngumst við stöðu okkar og með upplitsdirfsku eflum sjálfsmynd byggða á þrautseigju, réttlæti og mikilvægi í framvindu samfélagsins. Samstaða okkar sem stéttar mun skipta sköpum um árangur í báráttunni fyrir bættari lífskjörum og fyrir öryggi og jafnræði á húsnæðismarkaði.

Þó fyrir að framundan séu vorhret þá skulum við teygja okkur til sólar og láta umhverfið njóta þeirra breytinga sem við getum framkallað í sameiningu. Í okkur býr vonin um betri tíma fyrir samfélagið allt, í okkur býr hinn heilagi frumkraftur náttúrunnar.

Við skulum hafa hugfast hversu nauðsynlegt það er að krónblöð okkar breiðist út, hversu strembið sem það getur reynst veikum stöngli. Við skulum rísa saman í átt til sólar.

Guðmundur Hrafn Arngrímsson

SKRÁIÐ YKKUR Í
LEIGJENDASAMTÖKIN

Hægt er að skrá sig á heimasíðu leigjendasamtakana:
www.leigjendasamtokin.is

LEIGJENDASAMTÖKIN
Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Þú getur fundið samtök leigjenda á [facebook](#), og [Twitter](#)

STYRKIÐ
LEIGJENDASAMTÖKIN

Leigjendasamtökin hljóta enga opinbera styrki né innheimta félagsgjöld. Þið getið styrkt samtökin á heimasíðunni.